



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Velferðarráð

**Sendandi:** Dís Sigurgeirsdóttir, starfandi sviðsstjóri

**Efni: Umsögn um tillögu um að hafinn verði undirbúningur á því að tryggja fasta viðveru sálfræðinga í öllum grunnskólum borgarinnar í 100% starfi**

Á fundi borgarstjórnar þann 24 maí 2022 lögðu borgarfulltrúar Sósíalístaflokks Íslands og Flokks fólksins fram svohljóðandi tillögu um fasta viðveru sálfræðinga í öllum grunnskólum borgarinnar:

Borgarstjórn samþykkir að hefja undirbúning að því að tryggja fasta viðveru sálfræðinga í öllum grunnskólum borgarinnar í 100% starfi. Samkvæmt kostnaðarmati sem lagt var fyrir fund velferðarráðs 2. mars 2022, þyrfti 44 stg. til að sinna öllum grunnskólum ef einn sálfræðingur væri í 100% starfi í hverjum grunnskóla borgarinnar. Ef einn sálfræðingur væri í hverjum grunnskóla alla daga þá vantar 409 m.kr. uppá fjárheimildir. Nánar má lesa um kostnaðarmatið hér. Einnig er þörf á því að tryggja góða aðstöðu innan skólanna fyrir sálfræðinga. Velferðarsviði verði falið að hefja þann undirbúning svo að föst viðvera sálfræðinga geti hafist sem fyrst. Leitað verði til annarra sviða og aðila innan borgarinnar vegna undirbúnings og útfærslu ef þörf þykir. Í framhaldi verði málinu vísað til fjárhagsáætlunargerðar 2023.

Tillögunni var vísað til meðferðar velferðarráðs.

### **Umsögn:**

Eins og fram kemur í tillögu þá hefur verið gert kostnaðarmat á fjölda stöðugilda ef hver grunnskóli borgarinnar hefði yfir að ráða 1 stg. sálfræðinga. Eftirspurn eftir þjónustu sálfræðinga er mikil og biðlistar eftir þjónustunni viðvarandi.

Unnið hefur verið að því að reyna að auka flæði erinda og beiðna með samræmdum verkferlum og snemmtækum inngripum (forathugunum) m.a. til þess að draga úr beiðnum eftir sálfræðilegum greiningum. Skóla- og frístundasvið hefur m.a. breytt úthlutun sérkennslufjármagns til að gera skóla betur í stakk búna til að mæta þörfum barna innan skólans og geta þeir m.a. ráðið til þess þar til bæra aðila. Áhersla *Betri borgar fyrir börn* á einnig að stuðla að því að hægt sé að bregðast við vanda barna innan skólans strax með fyrirbyggjandi og fjölþættari aðgerðum og þannig megi koma í veg fyrir tilvísanir sem mögulega ekki er þörf á.

Það er þó mat sérfræðinga velferðarsviðs að þörf sé á því að ráða til starfa fleiri sálfræðinga sem stutt geta við leik- og grunnskólabörn með fyrirbyggjandi ráðgjöf við foreldra m.a. með uppeldisnámskeiðum, foreldrafræðslu og námskeiðum fyrir börn í tilfinningavanda. Mat sérfræðinga er að þessum stöðugildum sé best fyrir komið innan vettvangs miðstöðva velferðarsviðs en á grundvelli verkefnisins *Betri borg fyrir börn* vinna nú saman öflugt teymi fagaðila innan miðstöðvanna sem tryggir mikilvæga þverfaglega samvinnu í málefnum barna



og stuðning við skólastarf. Stöðugildum sálfræðinga er talið betur fyrir komið innan miðstöðvanna en með mikilli áherslu á fasta viðveru þeirra í skólum borgarinnar.

Stöðugildi sálfræðinga á miðstöðum hafa verið nær óbreytt frá árinu 2005 þegar þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs voru settar á stofn. Í júlí 2022 voru 1297 mál á bið eftir þjónustu sálfræðinga. Á árunum 2019-2021 jókst fjöldi beiðna eftir þjónustu sálfræðinga frá skólum um 76%. Á árinu 2021 voru beiðnir til sálfræðinga um 51% þó hlutfall sálfræðinga sé einungis 38% af stöðugildum skólaþjónustunnar.